

17. nóvember 2021

## Bæjarstjórar Árborgar, Múlapings, Norðurþings og Fjallabyggðar

*Efni: Beiðni um þátttöku í Ráðgjafahóp fyrir „MEDiate“ Evrópuumsókn um sviðsmyndir náttúruhamfara, aðgerðir og lágmörkun samfélagsraskana þeirra.*

Heil og sæl,

Sveitarfélög og almannavarnir á Íslandi hafa gegnt lykilhlutverki í íslenskum og evrópskum rannsóknum um náttúruhamfarir og samfélagsáfall. Sveitarfélög á jarðskjálftasvæðum á Norður- og Suðurlandi hafa sem dæmi tekið þátt í Evrópurannsóknarverkefni sem nefnist „TURNkey“, sem senn fer að ljúka. Búið að birta fyrstu niðurstöður í ritrýndum greinum og kynna fyrstu niðurstöður á vísindaráðstefnu Verkfræðingafélag Íslands. Senn fer í hönd kynning á niðurstöðum til sveitarfélaga. Þá hefur TURNkey rannsóknarverkefnið skipt sköpum við að efla jarðskjálftamælanet svæðanna og þekkingu á jarðskjálftavirkni við gosstöðvarnar við Fagradalsfjall.

Nú biðjum við um stuðning ykkar til að sækja um frekari rannsóknarstyrk til Evrópusjóða. Hjálögð er lýsing á verkefninu MEDiate sem snýst um að þróa reiknilíkön og hugbúnað sem aðstoðar sveitarfélög og almannavarnir að búa til sviðsmyndir aðgerða vegna náttúruvárs. Við leitum til ykkar fjögurra sveitarfélaga á Íslandi um reynslu ykkar og viðhorf til sviðsmyndanna, forvarna og viðbúnaðar vegna jarðskjálfta, aurskriða, óveðurs, og flóðum til að veita aðilum verkefnisins innsýn í hvað skiptir máli varðandi ákvarðanatöku þegar raskanir ganga yfir samfélagið, eða þegar hætta á slíkum atburðum ógnar samfélaginu.

Fjöldi háskóla og aðila frá Evrópu taka þátt í umsókninni. Aðilar frá Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands munu taka þátt í verkefninu fyrir hönd Íslands. Styrkveitendur leggja mikið upp úr því að sveitarfélög taka þátt í verkefninu, og fögnum við þeirri áherslu, enda mikilvægt að þeir sem eiga að nota hugbúnaðinn komi að þróun þess. Öll formleg þátttaka í verkefninu er 100% styrkt hvað launakostnað varðar og því ekki um að ræða neina fjárhagslega skuldbindingu. Því óskum við hér með eftir stuðning ykkar við umsóknina með formlegri þátttöku í henni með okkur.

Ef þið getið hugsað ykkur að styðja við verkefnið með þátttöku ykkar í ráðgjafahóp, þá eru drög að bréfi í viðhengi sem við myndum biðja ykkur vinsamlegast um að setja inn ykkar upplýsingar, undirrita og senda á okkur. Umsóknin þarf að vera kominn inn á mánudaginn og því þurfa bréfin að berast ekki seinna en föstudag. Við biðjumst velvirðingar á hvað þetta berst seint.

Með kærri þökk,

Íslenski rannsóknarhópur HÍ í MEDiate úr Háskóla Íslands:  
Dr. Benedikt Halldórsson og Dr. Sólveig Þorvaldsdóttir